

**47. fundur byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,  
Tálknafirði, þriðjudaginn 15. október 2013  
og hófst hann kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurvin Hreiðarsson (SH) Aðalmaður, Aðalsteinn Magnússon (AM)  
Aðalmaður, Marion Gisela Worthman (MGW) Varamaður, Davíð Rúnar  
Gunnarsson (DRG) Embættismaður, Indriði Indriðason (II) ritari og Óskar Örn  
Gunnarsson (ÓÖG) embættismaður.

**Fundargerð ritaði:** Indriði Indriðason, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

**1. 1303050 - Breytinga á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018  
vegna breytrar landnotkunar í Norðurbotni og ný náma við Hálfán**

Breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018. Tekin verður fyrir greinargerð, umhverfisskýrsla og uppdráttur dags. 10 október 2013. Um er að ræða breytingu á þremur iðnaðarsvæðum í landi Norður-Botns. Í fyrsta lagi er afmörkun borhola. Í öðru lagi nýtt svæði fyrir fiskeldi í Botnsdal sem er stækkun á svæði I3 þar sem er þegar fyrir fiskeldi og heitavatnsholur. Í þriðja lagi 25-40 kW smávirkjun í Keldeyrará. Enn fremur er gert ráð fyrir nýju efnistökusvæði á Hálfáni við Bíldudalsveg nr. 63. Búið var að taka þetta fyrir og samþykkja til auglýsingar en þar sem ekki fór fram kynning fyrir íbúum þarf að taka þetta aftur fyrir og samþykkja. Kynning fór fram 10. september sl. Ennfremur var settur inn fyrirvari um að gerð yrði athugun á dýralífi í Kelduá í greinargerð.

Byggingarnefnd samþykkir tillöguna og felur Skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna.

**2. 1307018 - Deiliskipulag virkjun Keldár**

Deiliskipulag vegna virkjunar í Keldeyrará í Tálknafirði.

Byggingarnefnd samþykkir tillöguna og felur Skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna.

**3. 1207047 - Deiliskipulag Norður - Botn**

Deiliskipulag vegna Norður-botns í Tálknafirði Tekin fyrir.  
Deiliskipulagstillagan samanstendur af greinargerð ásamt umhverfisskýrslu og uppdráttum 1 og 2.  
Smá breyting var gerð á skipulagsgögnum en settur var inn fyrirvari um að gerð yrði athugun á dýralífi í Botnsá á leirum í greinargerð.

Byggingarnefnd samþykkir tillöguna og felur Skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11.00.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____